

Fylgiskjal reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Fylgiskjal IV Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit sveitarfélaga.

1. gr.

Sveitarfélög skulu árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit. Yfirlitið skal miða við fjárhagsupplýsingar í árslok og skal það formlega staðfest af sveitarstjórn samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs.

Í yfirlitinu skal veita upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins og skilgreind eru í 2. gr. viðaukans. Í yfirlitinu skal jafnframt veita upplýsingar um beinar ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna og skilgreind eru í 2. gr. viðaukans.

Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á formi sbr. 3. gr. viðaukans. Fjárhagsupplýsingarnar skulu byggja á rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymisyfirliti samkvæmt nýjasta fyrirliggjandi ársreikningi viðkomandi fyrirtækis eða verkefnis. Í yfirlitinu skal koma fram reikningsskiladagur ársreikninga sem byggt er á. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um hlutfall ábyrgðar í hverju og einu verkefni eða fjárhæð veittrar ábyrgðar.

2. gr.

Ábyrgða- og skuldbindingayfirlitið nær ekki til verkefna eða fyrirtækja sem færð eru í A eða B hluta í samanteknum reikningsskilum viðkomandi sveitarfélags (eru hluti af samstæðureikningi).

Í yfirliti um verkefni með ábyrgð sveitarfélags skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi fyrirtæki eða verkefni sem sveitarfélagið ber ábyrgð á:

- a) Öll fyrirtæki, verkefni eða hlutdeildarfélög sem sveitarfélagið ber ábyrgð á rekstri og þar með skuldum og skuldbindingum.
- b) Öll fyrirtæki, verkefni eða hlutdeildarfélög sem sveitarfélagið hefur veitt beina ábyrgð á tilteknum skuldum eða skuldbindingum.

Önnur félög sem eru með takmarkaða ábyrgð eigenda eru undanskilin.

3. gr.

Eftirfarandi er form fyrir ábyrgða- og skuldbindingayfirlit

